

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 8. október 2014 kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaeynum Hótel Hilton Reykjavík Nordica. Fundurinn fór fram í fundarherbergi á 2. hæð Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi var Hermann Jón Tómasson. Bjarni Jónsson sat seinni hluta fundarinnar.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram að nýju til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 16. júlí 2014 með breytingum. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð

ÁRSUPPGJÖR 2013

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013. Gerð var grein fyrir einstaka tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi, eignum og skuldum í efnahagsreikningi og farið var yfir skýringar með ársreikningnum.

Á árinu 2013 nam tekjuhalli Jöfnunarsjóðs 162,6 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.101,4 m.kr., skuldir 1.795,9 m.kr. og eigið fé 305,5 m.kr.

Fram kom að stærsti hluti annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi, eða kröfur samtals að fjárhæð 200,7 m.kr. af heildarkröfum að fjárhæð 263,7 m.kr. væri tilkominn vegna eftirstöðva af greiðslu Jöfnunarsjóðs á framlögum í janúar 2011 til sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra þar sem 0,95% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna janúar barst sjóðnum ekki fyrr en í febrúar. Nú liggur fyrir að þær eftirstöðvar munu verða greiddar úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2014, 2015 og 2016.

Fram kom að stærsti hluti annarra skammtímaskulda í efnahagsreikningi, eða skuldir samtals að fjárhæð 1.061,5 m.kr. af heildarskuldum að fjárhæð 1.126,4 m.kr., væru ógreidd framlög vegna húsaleigubóta á IV. ársfjórðungi ásamt geymslufé. Jafnframt eru þar meðtalin ógreidd framlög til Borgarbyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar samtals að fjárhæð um 35,8 m.kr. vegna samþykkrar kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdum við grunnskóla í sveitarfélögunum. Framkvæmdaáform sveitarfélaganna hafa enn ekki gengið eftir og því hafa framlögin ekki komið til greiðslu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að Borgarbyggð og Seyðisfjarðarkaupstað væri tilkynnt um það bréflaga að inneign þeirra vegna stofnframkvæmdanna yrði afskrifuð í árslok 2015 ef framkvæmdum við skólana væri ekki lokið fyrir þann tíma.

Í áliti Ríkisendurskoðunar kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga höfðu staðfest ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2013 með áritun sinni, dags. 2. október 2014. Endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar verður lagt fram á fundi nefndarinnar þegar það berst Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Endurskoðuð drög á grundvelli frumvarps til fjárlaga

Lögð voru fram til kynningar endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2015. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 14.853 m.kr. en þar af nema áætlaðar tekjur sjóðsins af sérstökum bankaskatti 831 m.kr. Viðbótarframlag frá ríki vegna húsaleigubóta nemur samtals 2.668 m.kr. Þar af eru 1.668 m.kr. vegna samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og 1.000 m.kr. vegna aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi. Áætlað er að 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nemi 8.437 m.kr. á árinu og 0,99% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nemi um 10.848 m.kr. að viðbættu sérstöku framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 365 m.kr. Áætlað er að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna eflingar tónlistarfræðslu nemi 520 m.kr. Áætlaðar hreinar vaxtatekjur sjóðsins á árinu nema 144 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2015 nema því samtals 37.835 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar nema bundin framlög samtals 1.666 m.kr., sérstök framlög 7.779 m.kr. jöfnunarframlög 7.300 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar 8.294 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 11.213 m.kr., framlög til eflingar tónlistarnáms 520 m.kr. og sérstakt framlag að fjárhæð 831 m.kr. til mildunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna ákvæða laga nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 95 m.kr. Áætluð heildarframlög og rekstrarkostnaður nema samtals 37.835 m.kr. á árinu 2015. Þar af er óráðstafað 137 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drög að endurskoðaðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2015 væri samþykkt.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir áætluð framlög til sveitarfélaga á árinu 2015 vegna jöfnunar á tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Áætlunin er byggð á útreiknuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 3.348,9 m.kr., sbr. frumvarp til fjárlaga 2015.

Samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 2.009,3 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningarstofna sem eru í gildi á árinu 2014, og álagningahlutföll þess árs. Greiðslan er innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2015.

Við útreikning framlaga er tekið mið af breytingum á d-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá 19. desember 2011. Með tilvísun til þessa eru framlögin til Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Fljótaldshrepps, Ásahrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps skert um 100% á árinu 2015.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september 2015 á grundvelli upplýsinga frá Fasteignaskrá Íslands:

- um álagningarstofna miðað við 31. desember 2014
- um afslætti sveitarfélaga á árinu 2015
- um álagningarhlutföll fasteignaskatts á árinu 2015

Við tillögugerð að áætlaðri úthlutun framlaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akureyrarkaupstaðar, Reykjanesbæjar og Vopnafjarðarhrepps, viku nefndarmennirnir, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG 2014

Tillaga að áætlaðri úthlutun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014. Áætlunin er unnin á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga og eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

1. Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
2. Hámarksálagning útsvars er 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,95% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 vegna álagningar 2013 er því 12,76%.
3. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a. lið 0,625%, skv. b- lið 1,320% og skv. c- lið 1,65%
4. Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 3.416,1 m.kr.
5. Samkvæmt 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur þeirra eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi, miðað við fullnýtingu tekjustofna, er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
6. Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga með 300 -11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.
7. Með tilvísun til ákvæða sem fram koma í 2. mgr. 5. liðar hér að framan var við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa var meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiddu til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.
8. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
9. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins var lagt til að jafnað yrði að 95,8% að meðaltali á hvern íbúa.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014, samtals að fjárhæð 1.248,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 3/4 hlutar framlagsins eða um 933,1 m.kr. komi til greiðslu í október og eftirstöðvar framlagsins í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

BARNAVERNDARSTOFA

Vistunarnemendur á vorönn 2014

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 3. september 2014, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vistunarnemenda á vorönn 2014. Um er að ræða kostnað að fjárhæð 1.686.107 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni Barnaverndarstofu um úthlutun framlags væri tekin til greina. Framlagið kemur síðan til frádráttar af öðrum framlögum til lögheimilissveitarfélaga vistunarnemendanna.

ÖNNUR FRAMLÖG

Breiðdalshreppur

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lagt var fram til kynningar erindi frá Breiðdalshreppi, dags. 24. september 2014, þar sem óskað er eftir framlagi vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað þar til endanlegur álagningarstofn útsvars fyrir árið 2013 lægi fyrir.

Tungumálatorg – Skýrsla um starfsemi síðustu missera

Lögð var fram til kynningar skýrsla, dags. 10. júlí 2014, um starfsemi Tungumálatorgsins á árinu 2013 og fyrri hluta árs 2014.

Á grundvelli samnings milli innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands frá 1. febrúar 2012 hafa 9,0 m.kr. verið greiddar til verkefnisins Tungumálatorgs á árunum 2012-2014. Framlöggin eru greidd á grundvelli annarra framlaga til reksturs grunnskóla, sbr. 2. tölulið 8. gr. reglugerð nr. 351/2002.

Barnaverndarstofa – kennslugögn

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Barnaverndarstofu, dag. 30. september 2014, þar sem óskað er eftir endurgreiðslu kostnaðar vegna áhalda- og tækjakaupa á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu á árinu. Um er að ræða kostnað að fjárhæð samtals 498.244 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Barnaverndarstofu væri samþykkt á grundvelli heimildarákvæðis frá árinu 1998.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

Endurmat

Á grundvelli 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 hefur nú farið fram greining á fjárhagslegum áhrifum vegna flutnings á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011.

Framkvæmt var samræmt uppgjör á rekstri sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna reksturs málaflokksins árin 2011, 2012 og 2013 sundurgreint samkvæmt þeim bókhaldslyklum sem lagt var upp með í upphafi verkefnisins. KPMG var falið að halda utan um samræmingarvinnuna og var fyrirtækinu jafnframt falið að vinna uppgjórið hvað árið 2012 varðar.

Á fundinum voru lögð fram til kynningar drög að uppgjöri þjónustusvæða vegna reksturs málaflokksins á árunum 2011, 2012 og 2013, dags. 7. október 2014.

Í heildina voru sveitarfélögin/þjónustusvæðin að skila rekstrarniðurstöðu í kringum núllið árið 2011, en rekstrarniðurstaðan er mun jákvæðari á árinu 2012. Á árinu 2013 er rekstrarniðurstaðan neikvæð sem nemur 156,0 m.kr. Átta af fimmtán sveitarfélögum/þjónustusvæðum skila engu að síður jákvæðri rekstrarniðurstöðu á árinu 2013.

REYKJADALUR ORLOFS- OG HELGARDVÖL

Greinargerð

Á grundvelli samnings milli Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur framlag að fjárhæð samtals 49,6 m.kr. verið greitt Styrktarfélaginu vegna sumar- og helgardvalar fatlaðra einstaklinga í Reykjadal á árinu.

Lögð var fram til kynningar greinargerð Styrktarfélagsins, dags. 23. september 2014, sem er samantekt um starfsemina í Reykjadal fyrir hluta vetrar og í sumar.

FRAMLÖG VEGNA BREYTINGAKOSTNAÐAR

Hafnarfjarðarkaupstaður

Eftirlit með þjónustu við fatlað fólk – Tilraunaverkefni til eins árs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 16. júní 2014. Í erindinu kemur fram að samráðshópur SSH, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, um þjónustu við fatlað fólk hafi á síðasta ári skipað starfshóp til að fjalla um eftirlit með þjónustu við fatlað fólk. Starfshópurinn hefur nú skilað af sér tillögum að gæðamati fyrir starfsstöðvar sem þjónusta fatlað fólk en um er að ræða innra eftirlit, sbr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með heimilum, hæfingarstöðvum, vinnustöðvum, starfsþjálfunarstöðum og skammtímavistunum.

Í kjölfar tillagna starfshópsins og umfjöllunar í samráðshópi SSH ákváðu Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Garðabær og Mosfellsbær að auglýsa eftir starfsmanni í 50% starf fyrir umrædd sveitarfélög til að annast gæðamatið. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs og verður verkefnið metið að þeim tíma liðnum.

Með tilvísun til þessa sækja viðkomandi sveitarfélög um framlag til verkefnisins á grundvelli breytingakostnaðar, sbr. c- lið 5. gr. reglugerðar, nr. 242/2014, um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Kostnaðaráætlun vegna innra eftirlits með starfsstöðvum fatlaðs fólks í viðkomandi sveitarfélögum nemur samtals 3.368.456 kr. Til verksins var ráðinn þroskaþjálfari sem tók til starfa í vor.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að framangreint erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna SSH væri tekið til greina. Framlagið kemur til greiðslu eftir framgangi verksins.

ÖNNUR MÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga – Reykjavíkurborg

Ráðstöfun á tekjuauka Jöfnunarsjóðs vegna sérstaks bankaskatts

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. júlí sl. var lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. júlí 2014, ásamt bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 24. júní 2014, um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjuauka vegna sérstaks bankaskatts og um tilnefningu síðar á árinu í ráðgjafarnefnd um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Á fundinum 16. júlí sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að óskað væri eftir fundi á næstunni með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga til að ræða efni framangreindra bréfa Sambandsins og Reykjavíkurborgar.

Fram kom að sá fundur hafi verið haldinn 30. september sl. Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við ráðherra að fulltrúum í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri fjölgað úr 5 í 7. Jafnframt var samþykkt að leggja til við ráðherra að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs af bankaskattinum væri haldið eftir áður en til annarrar ráðstöfunar kæmi á grundvelli 2,12% framlagsins frá ríki. Ígildi bankaskattsins yrði greitt með sérstöku framlagi til sveitarfélaga að teknu tilliti til hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni. Með því móti væri komið til móts við sveitarfélögin vegna tekjutaps þeirra í kjölfar ákvæða laga, nr. 40/2014, um skattfrelsi séreignarsparnaðar og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir kom fram að verið væri að vinna tillögur að breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, sem næðu til framangreindra beiðna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar dagskrá Ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014, sem haldinn var síðar þennan sama dag, þ.e. 8. október kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Fram koma að beiðni hefði borist frá Grunni, félagi forstöðumann skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúa um að árlegur fundur Grunns með ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði haldinn föstudaginn 28. nóvember nk.

Samþykkt var að leggja til að stefnt væri að fundi ráðgjafarnefndar með Grunni 28. nóvember nk.

Samþykkt var að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði fimmtudaginn 23. október nk. kl. 13:00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14:00.

Halldór V. Kristjánsson